

Svohljóðandi umsögn um 161. mál, dags. 26. nóvember 2013, sendist einnig í bréfpósti:

Efni: Umsögn varðandi flutning verkefna frá innanríkisráðuneytinu til sýslumannsembætta og annarra stofnana

Persónuvernd vísar til tölvubréfs allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 14. nóvember 2013 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings verkefna frá innanríkisráðuneytinu til sýslumannsembætta og annarra embætta og stofnana (þskj. 192, 161. mál á 143. lögjafarþingi). Fjallað var um frumvarpið á fundi stjórnar Persónuverndar í dag og var ákveðið að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Í b-lið 14. gr. er lagt til að við 78. gr. laga nr. 49/2005 um fullnustu refsinga bætist ákvæði þess efnis að náðunarnefnd megi afla upplýsinga frá heilbrigðisstarfsfólki og heilbrigðisstofnunum til staðfestingar á fyrirliggjandi vottorðum, sem og að afla nýrra gagna um heilsufar náðunarbeiðanda eða kæranda ef beiðni um náðun eða kæra er byggð á heilsufarsástæðum. Nefndinni sé einnig heimilt að krefjast þess að náðunarbeiðandi eða kærandi leggi fram gögn sem hann hefur sjálfur aflað um heilsufar sitt. Í þessu sambandi leggur Persónuvernd áherslu á að meðalhófs sé gætt þannig að ekki sé aflað heilsufarsupplýsinga sem ekki hafa þýðingu vegna afgreiðslu á náðunarbeiðni. Með vísan til þess er lagt til (a) að á eftir orðunum „heilbrigðisstarfsfólki og heilbrigðisstofnunum“ í 1. málsli. tillögu b-liðar að nýrri 3. mgr. 78. gr. laga nr. 49/2005 bætist orðin „sem nauðsynlegar eru“, (b) að á eftir orðunum „náðunarbeiðanda og kæranda“ í sama málslið bætist orðin „sem nauðsynlegar eru í sama skyni“ og (c) að á undan orðinu „gögn“ í 2. málslið umræddrar tillögu bætist orðið „slík“. Ákvæðið myndi þá hljóða svo (með viðeigandi greinarmerkjasetningu í ljósi viðbótanna):

„Náðunarnefnd er heimilt að afla upplýsinga frá heilbrigðisstarfsfólki og heilbrigðisstofnunum sem nauðsynlegar eru til staðfestingar á fyrirliggjandi vottorðum, sem og að afla nýrra gagna um heilsufar náðunarbeiðanda eða kæranda sem nauðsynlegar eru í sama skyni, ef beiðni um náðun eða kæra er byggð á heilsufarsástæðum. Nefndinni er einnig heimilt að krefjast þess að náðunarbeiðandi eða kærandi leggi fram slík gögn sem hann hefur sjálfur aflað um heilsufar sitt.“

2. Í 26. gr. eru lagðar til breytingar á 82. gr. lögræðis laga nr. 71/1997, þ. á m. að samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar beri yfirlögráðendum að halda málaskrá yfir mál sín samkvæmt lögum og að ráðuneytið geti heimilað að yfirlögráðendur haldi eina miðlæga málaskrá. Ljóst má telja að í slíkri málaskrá geti verið að finna upplýsingar mjög viðkvæms eðlis. Er því ástæða til að áréttta í ákvæðinu skyldur samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þ. á m. til skjalfestingar upplýsingaöryggis. Í því ljósi leggur Persónuvernd til svohljóðandi viðbót við ákvæðið:

„Um öryggi persónuupplýsinga í slíkri skrá fer eftir 11. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þ. á m. 5. mgr. þeirrar greinar um skjalfestingu á upplýsingaöryggi.“